

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur vegna Háholts 15.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Hafnarfjarðar á fundi sínum 14. febrúar 2024 breytingu á deiliskipulagi Hvaleyrarholts suðvestur vegna Háholts 15. Breytingin felst í því að skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir byggingu/kennslustofu fyrir Hvaleyrarskóla. Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna sameiningar lóðanna Borgahellu 6 og 8 og Búðahellu 1 og 3.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 14. febrúar 2024 breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 3. áfanga, vegna sameiningu lóðanna Borgahellu 6 og 8 og Búðahellu 1 og 3. Í breytingunni felst einnig að byggingarreitir lóðanna sameinast í einn og að nýtingarhlutfall breytist úr 0,6 í 0,4-0,6. Málsmeðferð var skv. 3. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 21. febrúar 2024.

F.h. skipulagsfulltrúa,

Anne Steinbrenner verkefnastjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 6. mars 2024